

L Ö G

fyrir Leikfélag Kópavogs.

1. gr.

Félagið heitir Leikfélag Kópavogs.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að vekja áhuga manna fyrir góðri leiklist og sýna sjónleiki í Kópavogi.

3. gr.

Þessum tilgangi hyggst félagið að ná með því:

- 1) Að efna til leikæfinga.
- 2) Að fá reynda leiðbeinendur til að æfa leikendur og stjórna leiksýningum.

4. gr.

Félagar - inntaka - úrsögn.

Inngöngu í félagið geta þeir fengið, sem áhuga hafa á leiklist. - Skilyrði fyrir inntöku skulu þó vera:

- 1) Búseta í Kópavogi.
- 2) Að umsækjandi hafi sýnt hæfni sína áður og að

hann hafi meðmæli minnst tveggja félagsmanna.

5. gr.

Umsókn um inntöku skal vera skrifleg og send formanni félagsins fyrir aðalfund. Skal í henni getið um hlutverk leikin af umsækjanda eða önnur störf, sem hann kann að hafa unnið í þágu leiklistarinnar.

6. gr.

Til samþykktar inntökubeiðni á aðalfundi þarf 2/3 greiddra atkvæða og er hægt að krefja hvern mættan félagsmann um atkvæði, ef ósk kemur fram um það á fundinum.

7. gr.

Úrsögn úr félaginu getur aðeins miðast við lok hvers reikningsárs, nánar tiltekið 30. ^{maí}apríl. Skal úrsögn vera skrifleg og komin í hendur formanns fyrir 1. ~~apríl~~ ^{maí}.

Verði úrsögn eigi talin lögmæt af stjórn félagsins eða af félagsmönnum á aðalfundi, er úrsegjandi háður lögum og reglum félagsins í einu og öllu næsta reikningsár, en ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins skv. 15. gr., miðað við þann tíma, er hann löglega gekk úr félaginu, helzt óbreytt næsta ár.

8. gr.

Inntökugjald er kr. 100,00 og greiðist við inntöku.

Ársgjaldið er kr. 50,00 og er gjalddagi þess 1. apríl ár hvert. - Ársgjaldið skal vera greitt fyrir aðalfund, enda eru eigi aðrir atkvæðisbærir á aðalfundi, en skuldausir félagar.

9. gr.

Stjórn.

Félaginu stjórna þrír menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn skriflegri kosningu, hver í sínu lagi. Á sama hátt skal kjósa þrjá varamenn. Allir þessir menn skulu vera meðlimir félagsins, þegar kosning fer fram.

10. gr.

Um öll málefni nema aðkallandi dægurmál, skal stjórnin í sameiningu taka ákvörðun á fundum, sem eigi séu haldnir sjaldnar en einu sinni í mánuði, að minnsta kosti á tímabilinu 1. september til 1. júní ár hvert. Félagsstjórnin heldur gerðabók um það, sem gerist á fundum hennar. - Varaformann félagsins skal boða á stjórnarfundi, þegar um þýðingarmikil mál er að ræða, og skal hann hafa málfrelsi án atkvæðisréttar.

11. gr.

Leikritaval.

Stjórnin annast leikritaval ásamt 2 mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til þessara starfa.

12. gr.

Stjórnin setur hvers konar starfsreglur, ræður leiðbeinendur og aðra starfsmenn.

13. gr.

Leiðbeinendur félagsins ráða hlutverkaskipun og öðru því er að leiksýningu lýtur, þó í samráði við stjórnina.

14. gr.

Réttur félagsmanna.

Hver skuldlaus félagsmaður á rétt á tveimur sætum á einhverja sýningu hvers leikrits, sem félagið sýnir, þó ekki á frumsýningu nema aðsókn leyfi.

Skuldlausir félagsmenn hafa viðverurétt á aðalæfingum félagsins, nema leikstjóri með samþykki félagsstjórnarinnar boði aðalæfingu fyrir luktum dýrum. - Félagar, sem leikið hafa í einu hlutverki eða fleirum á leikárinu, hafa rétt til þess að vera viðstaddir aðrar æfingar, ef leikstjóri leyfir. - Undanteknar þessu ákvæði eru lesæfingar, búningsæfingar og séræfingar með einstökum leikendum.

15. gr.

Skyldur félagsmanna.

Hver félagsmaður ber persónulega ábyrgð á allt að kr. 500,00 af skuldum félagsins, nema ef um er að ræða sérstakar skuldbindingar af hans hendi.

16. gr.

Ágóða hvers árs skal fyrst og fremst varið til greiðslu skulda eða til kaupa á leikáhöldum. Verði afgangur, tekur aðalfundur ákvörðun um, hvernig honum skuli varið.

17. gr.

Aðalfundur kýs tvo menn til þess að endurskoða reikninga félagsins fyrir reikningsár það, er í hönd fer.

18. gr.

Starfsár - reikningsár.

Starfsár félagsins - leikárið - er frá 1. júní til jafnlangdar næsta árs, og er það jafnframt reikningsárið.

19. gr.

Aðalfundur.

Aðalfundur skal halda í maí mánuði ár hvert og aukafundi, þegar stjórnin telur þess þörf eða ef minnst 1/3 hluti skráðra félagsmanna óska þess skriflega.

Boða skal til aðalfundar með viku fyrirvara, í ábyrgðarbréfi, hverjum félagsmanni.

Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað og hann er haldinn á tilskildum tíma.

20. gr.

Störf aðalfundar eru þessi:

- a) Skýrsla stjórnarinnar um starf á liðnu ári.
- b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til úrskurðar.
- c) Stjórnarkjör (sbr. 9. gr.)
- d) Kosning þriggja varamanna í stjórn (sbr. 9. gr.)
- e) Kosnir tveir endurskoðendur (sbr. 17. gr.)
- f) Lagabreytingar, með þeim fyrirvara, að stjórnin hafi fengið tillögur eða frumvörp til breytinga eigi síðar en viku fyrir aðalfund.
- g) Önnur mál, sem upp kunna að vera borin.

21. gr.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæðaúrslitum þeirra mála, sem ekki eru sérstaklega undanþegin í lögum þessum.

22. gr.

Aðalfundur getur með 3/4 hlutum atkvæða, sem á fundi eru, kosið heiðursfélaga hvern skráðan félaga, en utanfélagsmann því aðeins, að atkvæði séu samhljóða, hvort tveggja að viðhafðri skriflegri, leynilegri atkvæðagreiðslu. - Tala heiðursfélaga má þó aldrei fara fram úr þremur. Heiðursfélagar eru undanþeginir gjöldum til félagsins og fjárhagsskuldbindingar þess ná ekki til þeirra, en að öðru leyti eru þeir háðir

lögum félagsins.

23. gr.

Aðalfundur samþykkir reglugerð fyrir leikendur og starfsmenn við leiksýningar, og er öllum skylt að hlíta reglugerð þessari, en við ráðningu utanfélagsmanna í hlutverk eða til starfa í þágu félagsins, skal hlýðni við reglugerðina samningsskilyrði.

24. gr.

Engu má breyta í lögum þessum eða reglugerð fyrir leikendur og starfsmenn nema á aðalfundi og þarf 3/4 hluta greiddra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

25. gr.

Félaginu verður aðeins slitið með 3/4 hlutum greiddra atkvæða á aðalfundi, enda hafi verið sérstaklega til fundarins boðað í því skyni. - Skuldlausar eignir félagsins, þær er til verða við félagsslit skulu renna til Félagsheimilis Kópavogs.

26. gr.

Sérákvæði um styrktarféлага.

Leikfélag Kópavogs gefur út heiðursskjöl til handa þeim, sem gerast styrktarfélagar og greiða árlegt tillag til starfsemi félagsins kr. 200,00 eða æfitillag í eitt skipti fyrir öll kr. 1.000,00. Styrktarfélagar fá

aðgang að frumsýningum félagsins fyrir sig og gest sinn, án sérstaks gjalds, en njóta að öðru leyti ekki félagsréttinda.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á stofnfundi Leikfélags Kópavogs 5. janúar 1957.